



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík 19. ágúst 2021

2108017SA KB  
Málalykill: 03.14

### **Efni: Umsögn um skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni í neyslu- og fíknivanda**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 15. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda.

#### **Ábendingar sambandsins**

Að mati sambandsins er afar jákvætt að unnið sé að framtíðarskipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda og tekur sambandið undir það grunnstef um samþættingu og samvinnu sem lagt er upp með í skýrslunni. Mikilvægt er að gengið verði markvisst í að skýra verka- og ábyrgðarskiptingu milli ólíkra þjónustuaðila á vegum ríkis og sveitarfélaga til að þjónustan verði skilvirk og komið sé í veg fyrir grá svæði.

Eftirfarandi eru ábendingar sambandsins við einstaka þætti skýrslunnar:

#### *Forysta til árangurs*

Sambandið hefur tekið þátt í þeirri umfangsmiklu vinnu sem átt hefur sér stað síðustu ár og miðar að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Að mati sambandsins er mikilvægt byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram og nýta þá reynslu og þekkingu sem skapast hefur. Sambandið leggur því til að í stað þess að skipaður verði nýr stýrihópur (tillaga 1.1) verði núverandi stýrihópi Stjórnarráðsins um málefni barna falið umrætt samræmingarhlutverk. Heilbrigðisráðuneytið færi þá með forustu hópsins hvað þennan málaflokk varðar en þekkingin sem þar hefur byggst upp myndi nýtast áfram. Í öllu falli er afar mikilvægt að mennta- og menningarmálaráðuneytið eigi beinan fulltrúa í stýrihópnum enda er ekki hægt að tala um alvöru samþættingu fyrir þennan hóp nema skólastarfið sé með í menginu. Þá er ýmis þjónusta við þennan hóp á fyrsta og öðru stigi að stórum hluta á ábyrgð sveitarfélaga og því næst ekki alvöru samþætting nema sveitarfélögin séu með í samþættingarvinnunni.

Hvað varðar hugmyndir um fjölskylduhús þá hefur slíkt ekki verið rætt á vettvangi sambandsins. Það er því mikilvægt að eiga víðtækt samráð um þá tillögu áður en lengra er haldið.

### *Miðstöð meðferðar*

Sambandið telur tillögu um samþættingu 2. og 3. stigs þjónustu í Miðstöð meðferðar mjög áhugaverða. Nauðsynlegt er hins vegar að ræða verka- og kostnaðarskiptingu slíkrar miðstöðvar. Afstaða sambandsins hefur almennt verið sú að farsælast sé að skilgreina hver ber ábyrgð á hvaða þjónustu og að ábyrgðaraðili standi straum af kostnaði við hana. Þannig séu sveitarfélög t.d. ekki að greiða fyrir þjónustu sem ríkinu er sannarlega ætlað að veita.

### *Skilvirk þjónustukaup*

Tillögur er lúta að skilvirkum þjónustukaupum þarf að mati sambandsins að skoða vel með öllum hagsmunaaðilum. Sambandið tekur undir að mikilvægt sé að skoða fjármögnunarlíkan kerfisins en gerir þó þann fyrirvara að erfitt er að sjá fyrir sér að hægt sé að ná markmiðum um samþættari og betri þjónustu í kerfinu nema auknum fjármunum verði veitt til þess. Þá er að mati sambandsins ekki skýrt hvort átt er við að gerðir séu hefðbundnir þjónustusamningar eða hvort átt er við samstarfssamninga þar sem aðilar koma hver um sig með framlag í þágu verkefnisins. Í öllu falli verður vinna við endurskoðun fjármagns að miða að því að bæta þjónustu og fækka gráum svæðum. Þá verður að koma í veg fyrir að börn og ungmenni sem svara illa meðferðarúrræðum sem þeim eru boðin hljóti ekki frábendingu innan heilbrigðisþjónustunnar. Því verða að vera til meðferðarúrræði sem hægt er að laga að mismunandi þörfum einstaklinga. Minnt er á að lögum samkvæmt ber heilbrigðisþjónustunni að tryggja að fötluð börn fái heilbrigðisþjónustu sem sniðin er að þörfum þeirra og tillit tekið til fötlunar þeirra á grundvelli viðeigandi aðlögunar.

### *Annað*

Í lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er búið að skilgreina hugtakanotkun þegar þjónusta er flokkuð á stig ásamt því að nú er lögbundið að skilgreina alla þjónustu í þágu barna á þjónustustig. Að mati sambandsins er mikilvægt að nota þau hugtök sem nú hafa verið lögfest í allri umræðu um þjónustu við börn á viðkomandi þjónustustigum til að gæta samræmis í allri umræðu. Þá þarf að hefja vinnu við skilgreiningu þjónustu niður á stig sem allra fyrst.


Í skýrslunni er vísað til þess að sjálfsprottin tilraunaverkefni um samþættingu og samvinnu hafi víða tekist vel (bls. 12). Mikilvægt er að læra af þeim verkefnum sem vel hafa heppnast og að kerfið gefi svigrúm til tilrauna og nýsköpunar. Það hefur þó skort á að unnið sé úr niðurstöðum slíkra verkefna með heildstæðum hætti og að tekin sé upplýst afstaða til þess hvort rétt sé að innleiða þau með víðtækum hætti. Þá er fjármögnun slíkra tilraunaverkefna jafnan ákveðin til skamms tíma sem hindrar áframhaldandi innleiðingu.

**Lokaorð**

Eins og fram kemur í skýrslunni er næsti fasi verkefnisins víðtækt samráð og samvinna við hagsmunaaðila um nánari útfærslu tillagna. Sambandið bindur vonir við að verða beinn þátttakandi í þeirri vinnu enda nást markmið skýrslunnar um samþættingu þjónustu ekki nema með góðu samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri